



Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Blossamark fyrir skipadísilólú

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingfors-samningnum hefur Norðurlandaráð hinn 26. mars 2015 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu efnahags- og viðskiptanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær samræmi á grundvelli fyrirbyggjandi áhættugreininga afstöðu sína til reglusetningar um blossamark dísilólú;

að þær vinni að því að sömu reglur gildi um blossamark fyrir skipadísilólú og fyrir venjulega dísilólú.

Kaupmannahöfn, 26. mars 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

NEFNDARTILLAGA

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Nefndartillaga um blossomark skipadísilólú

1. Tillaga nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær samræmi á grundvelli fyrirbyggjandi áhættugreininga afstöðu sína til reglusetningar um blossomark dísilólú;

að þær vinni að því að sömu reglur gildi um blossomark fyrir skipadísilólú og fyrir venjulega dísilólú.

2. Aðdragandi

1. janúar 2015 gengu í gildi hertar kröfur um magn brennisteins í útblæstri skipa sem sigla um Eystrasalt, Norðursjó, Ermarsund og undan ströndum Norður-Ameríku. Fram að þessu hefur leyfilegt magn verið 1,0% en lækkar nú í 0,1%. Annars staðar verða kröfur ekki hertar fyrr en árið 2020 en þá verður innihald brennisteins aðeins takmarkað við 0,5%. Í stað þess að minnka brennisteinsmagn í eldsneytinu má koma upp hreinsunarbúnaði um borð í skipum sem skilar sama árangri.

Þegar nýju reglurnar ganga í gildi er þess vænst að hreinsunarbúnaður, tæknibúnaður og notkun annars konar eldsneytis bæti ástand umhverfis og lífríkis Eystrasaltsins. Ókosturinn er hins vegar sá að sjóflutningar verða kostnaðarsamari fyrir vikið. Nýju kröfurnar eru því áskorun fyrir löndin sem liggja að Eystrasalti. Atvinnugreinar í löndunum standa í alþjóðlegri samkeppni og mun flutningskostnaður raska stöðu þeirra þegar samkeppnisaðilar annars staðar í heiminum búa ekki við jafnstrangar reglur. Nýju kröfurnar munu hafa áhrif á öllum Norðurlöndum en þó einkum í Finnlandi og Svíþjóð.

Árið 2013 kannaði Norðurlandaráð hvaða viðfangsefnum löndin myndu standa frammi fyrir vegna brennisteinstilskipunarinnar og hvernig þau gætu í sameiningu greitt fyrir aðlögun að nýjum reglum. Á þingi

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Fyrri skjalsnúmer:
Blaðsíða 2 af 6
Númer skjals 14-00259-34

Fjallað um í:

Norðurlandaráðs í Ósló í október 2013 var samþykktur fjöldi tilmæla um aðgerðir í því skyni að greiða fyrir innleiðingu brennisteinstilskipunar ESB (tilmæli 36/2013, 37/2013, 38/2013 og 20/2013).

Á sameiginlegum fundi umhverfis- og náttúruauðlindanefndar og efnahags- og viðskiptanefndar í september 2014 var rætt um svör ríkisstjórnanna við tilmælunum. Nefndirnar voru ekki alls kostar ánægðar með svör ríkisstjórnanna. Þar sem brennisteinstilskipunin gengur í gildi í ársbyrjun 2015 töldu nefndirnar ekki ástæðu til að viðhalda tilmælunum. Nefndirnar ákváðu því að leggja til að Norðurlandaráð tæki ákvörðun á þinginu í Stokkhólmi 2014 þess efnis að tilmælin væru endanlega afgreidd af hálfu ráðsins. Nefndirnar töldu þó ráðlegt að Norðurlandaráð beindi áfram sjónum að einu atriði málsins. Það er að Norðurlöndin vinni áfram að því að sömu reglur gildi um brunamark fyrir skipadísilólú og fyrir venjulega dísilólú. Samkomulag var um að vinna nefndartillögu þar að lútandi.

Vinnuhópur skipaður fulltrúum nefndanna vann skýrslu¹ á árinu 2013 en þar segir:

Valkostur við þunga olíu sem nú er algengasta eldsneyti í skipum gæti verið aukin notkun skipadísilólú. Skipadísilólía er þó töluvert dýrari en þung olía auk þess sem búast má við töluverðri verðhækkun á skipadísilólú. Draga mætti úr verðhækkun á skipadísilólú með því að slaka á kröfum um blossamark skipadísilólú þannig að það miðist við 52°C eins og á við um venjulega dísilólú á bifreiðar í stað núverandi 60°C. Ef venjuleg dísilólía yrði notuð í siglingum í stað skipadísilólú tækist einnig að jafna út samkeppni milli vöruflutninga á sjó og á landi. Með aukinni vinnslu á leirsteinsólú og fleiri rafknúnum bifreiðum mun verð á dísilólú lækka og eftirspurn minnka en sú þróun mun koma sér vel fyrir kaupskipaflotann. Þegar fram í sækir verður dísilbrennsla þó ekki ákjósanlegur kostur út frá umhverfissjónarmiði.

Í svari ríkisstjórnanna til Norðurlandaráðs árið 2014 við tilmælum um blossamark (tilmæli 36/2013) segir:

Samgönguyfirvöld í Svíþjóð íhuga að kanna hvernig blossamark skipadísilólú og venjulegrar dísilólú getur haft gagnleg áhrif á framboð á eldsneyti, ástand umhverfis og gæði eldsneytis. Áður en til ákvarðanatöku kemur verður þó að fara fram öryggisgreining.

Blossamark hefur áhrif á kostnaðarhliðina og einnig þarf að skoða það í ljósi þess hvaða tegundir eldsneytis eru í boði í hafnarborgum Evrópu. Reglur um blossamark þarf einnig að skoða í samhengi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og alþjóðasamninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS).

Samband danskra útgerðarféлага lét gera könnun árið 2012 en hún leiddi í ljós að samræma mætti kröfur um skipadísilólú og dísilólú á bifreiðar án þess að það hefði aukna áhættu í för með sér. Skipum byðist þannig miklu meira magn af dísilólú sem auk þess myndi uppfylla fyrirhugaðar kröfur um brennisteinsmagn.

Breytingin myndi kalla á breytingar á SOLAS-reglunum.

¹ Skýrsla vinnuhóps Norðurlandaráðs um brennisteinstilskipunina, Innleiðing brennisteinstilskipunar ESB, afleiðingar og sóknarfæri fyrir Norðurlönd), ágúst 2013.

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Fyrri skjalsnúmer:
Blaðsíða 3 af 6
Númer skjals 14-00259-34

Fjallað um í:

Tillaga þessi byggist á því mati að takmarkað framboð á dísilolíu og hátt verð geti reynst útgerðarfyrirtækjum þung í skauti. Niðurstaða nefndanna er því sú að óheppileg og óþörf samkeppnishindrun felist í því að ekki gildi sömu reglur um blossamark skipadísilolíu og venjulegrar dísilolíu á bifreiðar. Þá sé heldur ekki hægt að ráða af svörum ríkisstjórnanna hvaða stefnu Norðurlöndin hyggist taka í þessum efnun.

3. Umsagnarferli

Tillaga nefndar hefur verið send til umsagnar í löndunum. Umsagnarfresturinn var til 12. janúar 2015. Svör hafa borist frá eftirfarandi aðilum: Samtök norskra skipaútgerða (Norges Rederiforbund), danska siglingamálastofnunin (Søfartsstyrelsen), ráðuneyti atvinnumála og hagvaxtar í Danmörku, skrifstofa samstarfsráðherra Norðurlanda í Danmörku, landsstjórn Álandseyja, samtök finnskra skipaútgerða (Rederierna i Finland), danska umhverfisstofnunin (Miljøstyrelsen), atvinnu- og sjávarútvegsráðuneyti Noregs, norska siglingamálastofnunin (Sjøfartsdirektoratet), samtök iðnaðarins í Danmörku (Dansk Industri) og danska viðskiptaráðið (Dansk Erhverv). Engar umsagnir hafa borist frá Svíþjóð.

Í svörunum kemur fram að enginn mæli á móti því að blossamark skipadísilolíu verði lækkað, en samtök norskra skipaútgerða (Norges Rederiforbund) telja að fyrst þurfi að fara fram nákvæm öryggisgreining til að tryggja að ekki dragi að neinu marki úr öryggi áhafna og skipa. Í því sambandi er bent á að hitastig í vélarúmi skipa sem sigla á suðrænum slóðum fari stundum upp í um það bil 60°C og að minniháttar leki skipaeldsneytis sem lendir á heitum vélarhlutum sé tíður orsakavaldur bruna í vélarúmi.

Samtök danskra skipaútgerða (Danmarks Rederiforening) gerði á hinn bóginn þegar árið 2012 rannsókn sem sýndi að eldhættan eykst ekki við lækkun blossamarks. Aftur á móti kom fram að breyting á eldsneytisgæðum með því að skipta út þungri olíu (sem hita þarf upp áður en hún er notuð) með skipadísilolíu (sem þarf að kæla) veldur lækkun á hitastigi í vélarúmi sem dregur úr hættu á brunasárum.

Öryggismálanefnd dönsku siglingamálastofnunarinnar (Søfartsstyrelsen) ætlar á fundi sínum í mars 2015 að taka til umfjöllunar lækkun blossamarks skipadísilolíu. Danir hafa þegar ákveðið að styðja lækkun blossamarks, rétt eins og Bandaríkin og Kanada (þessi lönd lögðu þegar í nóvember 2014 fram tillögu þessa efnis í öryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar). Danmörk studdi tillögu Bandaríkjanna og Kanada á fundinum og Danir ætla að halda áfram að beita sér fyrir því að kröfur um blossamark verði lækkaðar í SOLAS, en jafnframt á að gera samsvarandi breytingar á landsbundnum reglum Dana þannig að blossamarkið verði lækkað fyrir skip sem sigla í dönskum farvötnum, en þau lúta ekki ákvæðum SOLAS-samningsins.

Meðal annars með hliðsjón af svarinu frá samtökum norska skipaútgerða, það er að segja að hitastig í vélarúmum geti orðið mjög hátt við siglingu í suðrænum farvötnum, bendir danska siglingamálastofnunin á þann möguleika að reglurnar verði mismunandi eftir landfræðilegri staðsetningu þannig að Norðurlöndin beiti sér fyrir því að reglur um blossamark skipadísilolíu og venjulegrar dísilolíu verði aðeins þær sömu á norðlægum/SECA-svæðum, og að tekið verði mið af venjulegum lofthita á viðkomandi svæði.

Auk þessara athugasemda og upplýsinga frá löndunum hefur komið fram mikill stuðningur frá umsagnaraðilunum, oftast án fyrirvara.

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Fyrra skjalsnúmer:
Blaðsíða 4 af 6
Númer skjals 14-00259-34

Fjallað um í:

4. Sjónarmið nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefndin telur æskilegt og óhjákvæmilegt að herða kröfur til brennisteinslosunar, enda gagnist þær umhverfinu og heilsu manna. Einnig eru vonir bundnar við að nýju kröfurnar efli tækniþróun. Þær eru í samræmi við þá grundvallarreglu í umhverfismálum að sá sem mengun veldur greiði kostnað af hennar völdum eða bregðist við til að stemma stigu við menguninni. Ókosturinn við nýju reglurnar sem taka gildi 1. janúar 2015 er sá að þær munu raska samkeppnishæfni svæðisins þar sem minni kröfur eru gerðar til brennisteinslosunar víðast hvar annars staðar í heiminum en við Eystrasalt, Kattegat og Norðursjó. Margir hafa áhyggjur af verulegri hækkun á flutningskostnaði sem mun veikja samkeppnisstöðuna, einkum í málmgrytis- og skógariðnaði og námurekstri nyrst í Svíþjóð og Finnlandi.

Nefndirnar veita því athygli að í stað þungrar olíu, sem nú er algengasta eldsneytið í siglingum, mætti nota skipadísilólíu þar sem brennisteinsmagnið stenst hinar nýju kröfur sem taka gildi 2015. Framboð á skipadísilólíu er takmarkað miðað við framboð á venjulegri dísilólíu á bifreiðar. Þegar brennisteinstilskipunin tekur gildi eykst eftirspurn eftir skipadísilólíu. Verð á skipadísilólíu gæti hækkað verulega og raskað þannig samkeppnisstöðu skipaútgerðarinnar. Það mun veikja samkeppnisstöðu skipaútgerðarinnar.

Munurinn á þessum tveimur tegundum dísilólíu felst í því að reglur um blossomark þeirra eru ólíkar; blossomark dísilólíu á bifreiðar miðast við 52°C en skipadísilólíu við 60°C. Þær upplýsingar sem nefndinni hafa borist benda til þess að engin vísindaleg rök séu fyrir því að gerðar séu ólíkar kröfur um blossomark skipadísilólíu og dísilólíu á bifreiðar. Dísilólía er aðallega framleidd á markað fyrir venjulega dísilólíu á bifreiðar. Ef venjuleg dísilólía getur komið í stað skipadísilólíu mun verðlagningin ekki ráðast eins mikið af aukinni eftirspurn frá skipaútgerðinni.

Nefndinni er kunnugt um að sænska ríkisstjórnin íhugar að láta fara fram öryggisgreiningu á reglum um blossomark. Ennfremur að greining sem Samband danskra útgerðarfélaga lét vinna á árinu 2012 bendi til þess að engin áhætta felist í því að breyta reglum um blossomark skipadísilólíu þannig að það miðist við 52°C. Ennfremur hafa bæði Bandaríkin og Kanada lagt fram tillögur um samræmingu reglna um blossomark skipadísilólíu. Unnið verður áfram með það mál á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á næstunni.

Nefndin telur að takmarkað framboð og hátt verð skipadísilólíu geti reynst útgerðarfyrirtækjum þungt í skauti á meðan breytingarnar ganga yfir. Ennfremur að hátt verð skipadísilólíu miðað við verð á venjulegri dísilólíu á bifreiðar geti átt sinn þátt í því að landleiðin frekar en sjóleiðin verði valin til vöruflutninga en það væri óheppilegt út frá umhverfissjónarmiðum.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að það sé óheppileg og óþörf samkeppnishindrun í skipaútgerð að ólíkar reglur gildi um blossomark skipadísilólíu og venjulegrar dísilólíu og því eigi norrænu löndin að beita sér fyrir samræmingu og breytingum á SOLAR-reglunum².

² Alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS).

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1641/næring

Tilmæli 6/2015

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Fyrra skjalsnúmer:
Blaðsíða 5 af 6
Númer skjals 14-00259-34

Fjallað um í:

5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur efnahags- og viðskiptanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær samræmi á grundvelli fyrirbyggjandi áhættugreininga afstöðu sína til reglusetningar um blossomark dísilolíu;

að þær vinni að því að sömu reglur gildi um blossomark fyrir skipadísilolíu og fyrir venjulega dísilolíu.

Kaupmannahöfn, 16. mars 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Eero Suutari (samI)

Lars Tysklind (FP)

Lena Asplund (M)

Mikkel Dencker (DF)

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Pyy Niemi (S)

Rikard Larsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Torgeir Knag Fylkesnes (sv)

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:

A 1641/næring

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:

A 1641/næring

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:

A 1641/næring

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Númer skjals 14-00259-34

Norðurlandaráð

Tilmæli 6/2015

Fyrri skjalsnúmer:

A 1641/næring

Tilmæli 6/2015

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fyrri skjalsnúmer:

Blaðsíða 6 af 6

Númer skjals 14-00259-34

Fjallað um í: